

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Valla 6. áfanga, Hnoðravellir 21-31.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 15. ágúst 2007 breytingu á deiliskipulagi Valla 6. áfanga, Hnoðravellir 21-31 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að í stað tveggja hæða raðhúsa komi einnar hæðar raðhús og byggingarreitur er stækkaður um 4,5 m í átt að aðkomugötu. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin er auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda, en bendir á að lagfæra þurfi eftirtalin atriði:

Uppdráttur er sýnir hluta úr gildandi aðalskipulagi á að vera í sama mælikvarða og gildandi deiliskipulag (hér mun vera átt við aðalskipulag).

Taka þarf út merkinguna R6 fyrir framangreind hús og gera í staðinn sérstaklega grein fyrir framangreindri húsagerð í skilmálum. (Þetta atriði hefur verið lagfært).

Deiliskipulagsbreytingin þarf að vera sett fram með sama hætti og sömu táknum og gildandi deiliskipulag.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 9. júní 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2008